



FÉLAG ELDRI BORGARA
Á AKUREYRI

8. stjórnarfundur EBAK 9. mars 2022 kl. 15.30

Mættir: Hallgrímur Gíslason, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Birgir B. Svavarsson, Eva B. Magnúsdóttir, Sigurður Harðarson, Helgi Aðalsteinsson og Helga Eymundsdóttir.

Fjarverandi: Garðar Lárusson, Torfhildur Þorgeirsdóttir og Friðrik Vagn Guðjónsson.

1. **Fundarsetning.**
2. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 7. fundar 8. febrúar 2022. Samþykkt.
3. **Viðvera.** 14/3 aukaviðvera Garðar, 16/3 Eva.
4. **Næsti stjórnarfundur.** Þriðjudaginn 15. mars kl. 16.00.
5. **Uppstillinganefnd.** Farið yfir lista frá uppstillinganefnd vegna nefnda á vegum EBAK.
6. **Starfið.**
 - **Félagsmiðstöðvarnar.** Rætt var um veikindi hjá starfsmanni. Ljósritunarvélin er ónýtt og verður fargað. Kominn er prentari í staðinn og þarf að skoða hvernig hann nýtist. Lyklabox er komið upp í forstofu. Búið að ráðstafa öllum þeim stólum sem voru til ráðstöfunar.
 - **Ringó** Frestað þar sem Friðrik Vagn er veikur, en hann hefur séð um ringóið.
 - **Dansklúbbur** Byrjaði 2. mars, næst 16. mars.
7. **Undirbúningur fyrir aðalfund.** Rætt var um skýrslur stjórnar og nefnda, ársreikningar eru komnir frá skoðunarmönnum og verða undirritaðir 15. mars. Birting gagna. Kjör í öldungaráð. Hallgrímur fór yfir tvær ályktanir til aðalfundar sem voru samþykktar.
8. **Afsláttasöfnun.** Sigurður Harðarson skýrði frá því að Katrín hjá Leturstofunni í Vestmannaeyjum sér um auglýsingamálin. Fyrsta árið í Torg appinu verður frítt.
9. **Húsnæðismál** – Umræða varðandi byggingarframkvæmdir í Holtahverfi.
10. **Fundir**
 - a) Zoom formannafundur 11. febr. um heilsueflingu o.fl. 2. og 10. mars var rætt um áhersluatriði eldra fólks vegna sveitarstjórnarkosninga.
 - b) Kynning á íbúasamráðsverkefni hjá Akureyrarbæ 2. mars. Fulltrúar úr öldungaráði, stjórn og fræðslunefnd mættu frá EBAK.
11. **Sveitastjórnarkosningar.** Listum þarf að skila 8. apríl.
12. **Önnur mál.**
 - Tveggja tíma námskeið RKÍ í meðferð hjartastuðstækis fór fram þann 28. febr. og mættu 12 manns. Bent á að gott væri að mála á bak við það í sterkum lit.
 - Fram kom hugmynd um að félagar myndu sækja LEB blaðið sjálfir þegar þar að kemur.
 - Beiðni um að fá að spila snóker utan vinnutíma kom til umræðu.

Fundi slitið kl. 17.20

Birgir Björn og Hallgrímur rituðu fundargerð.